

M-48/2007 Álit 4. febrúar 2008

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. febrúar 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-48/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. desember sl. bað X, hér eftir líka nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á spegli hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi vill rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 12. desember sl., og bárust þau nefndinni 19. desember. Andsvörin voru kynnt álitsbeiðanda með bréfi, dags. 3. janúar sl., og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir. Frestur til þess var veittur til 14. janúar. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 21. janúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segist hafa keypt spegil með ljósum hjá Y. Samkvæmt ljósriti af reikningi, dags. 22.11.2007, er fylgdi álitsbeiðninni, var kaupverðið kr. 29.614. Álitsbeiðandi segir að á speglinum sé takki til að kveikja og slökkva á ljósunum og þegar kveikt sé suði hátt í þeim. Hann hafi spurst fyrir um þetta hjá seljanda og sér verið sagt að tengja framhjá takkanum til að suðið hætti. Álitsbeiðandi kveðst fullyrða að frá þessu hafi honum ekki verið sagt við kaupin. Hann hafi farið fram á að fá að skila speglinum en það hafi ekki verið samþykkt þar sem hann hafi verið búinn að henda umbúðunum. Þar sem ekki sé hægt að nota spegilinn eins og ætlast sé til vilji hann skila honum og fá kaupverðið endurgreitt.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum seljanda segir að álitsbeiðanda hafi við kaupin verið sagt, eins og öllum sem kaupir sams konar spegil sé sagt fortakslaust, að aftengja þyrfti snertirofann þar sem hann hefði svo lítinn snertiflöt að blautir fingur rugluðu hann. Speglnir hafi verið seldir með þessu fororði og ekki leynt fyrir neinum að þetta þyrfti að gera. Sá sem andmælin ritar segist hafa sagt álitsbeiðanda þetta um leið og hún hafi skrifað reikning fyrir kaupunum og sé samstarfsmaður hennar til vitnis um það. Þá hafi einnig verið sagt við álitsbeiðanda að aftengja þyrfti snertirofann og tengja í rafmagnsdós og nota slökkvarann til þess að kveikja og slökkva á ljósunum. Speglnir séu afhentir á öðrum stað í húsinu og þeir sem afhendi þá ítreki þennan fyrirvara við kaupendur.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og fyrirtækisins Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Því er ekki mótmælt af hálfu seljanda að aftengja þurfi snertirofann eða þann slökkvara sem ætlaður er til að kveikja og slökkva á þeim ljósum sem fylgdu speglinum sem álitsbeiðandi keypti. Hins vegar er því haldið fram af seljanda að álitsbeiðanda hafi sérstaklega verið skýrt frá þessu við kaupin, bæði þegar frá þeim var gengið og eins þegar honum hafi verið afhentur spegillinn sem gert hafi verið á öðrum stað í versluninni eftir að frá kaupunum hafði verið gengið.

Álitsbeiðandi fullyrðir hins vegar í álitsbeiðninni að sér hafi ekki verið sagt frá því við kaupin að tengingunni þyrfti að breyta. Stendur þannig staðhæfing seljanda gegn staðhæfingu kaupanda.

Af gögnum málsins og frásögn seljanda verður kærunefndin að byggja á því að ljós með speglinum hafi orðið að tengja með öðrum hætti en gera hafi mátt ráð fyrir við skoðun á speglinum í versluninni hafi ekkert annað komið til. Í b-lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandi mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varði endingu og annað. Samkvæmt þessari lagagrein verður að líta svo á að álitsbeiðandi hafi mátt vænta þess að hægt væri að tengja spegillinn og nota þann rofa sem á honum var án þess að tengingum þyrfti að breyta. Í því tilviki sem hér um ræðir verður seljandi, þar sem álitsbeiðandi hefur mótmælt að hafa fengið vitneskju um nauðsynlegar breytingar á tengingu við kaupin, að bera hallann af skorti á fullnægjandi sönnun á því að álitsbeiðanda hafi verið skýrt frá þessari nauðsyn, en nægileg sönnun þess þykir ekki komin fram. Verður því að líta svo á að spegillinn hafi ekki haft þá eiginleika til að bera sem álitsbeiðandi mátti vænta að hann hefði. Því verður að telja að spegillinn hafi verið gallaður í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003. Í 26. gr. laganna er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Samkvæmt d-lið þeirrar greinar getur neytandi krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr. nema galli sé óverulegur. Í því tilviki sem hér um ræðir verður ekki talið að um verulegan galla sé að ræða og því eigi álitsbeiðandi ekki rétt á að rifta kaupunum. Hins vegar telur kærunefndin að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti af kaupverði samkvæmt ávæði c-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 sem kærunefndin telur hæfilega ákveðinn kr. 10.000.

VI

Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 10.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir